

## Ræðumaður dagsins 17. júní 2023 - Jóhann Smári Sævarsson Óperusöngvari

Kæru Þjóðhátíðargestir, ég heiti Jóhann Smári Sævarsson. Ég er óperusöngvari og hef starfað sem slíkur í yfir 30 ár. Ég er líka söngkennari, leiklistarkennari, leikstjóri, kórstjóri, útfararsöngvari, stjórnandi og Óperustjóri Óperufélagsins Norðurlands.

Ég er fæddur og uppalinn í Keflavík (Reykjanesbæ) og átti mjög skemmtileg uppvaxtarár með frábærum vinum og fjölskyldu. Það var mikil tónlist á heimilinu. Mamma var þá píanókennari og meðleikari bæði Karlakórs Keflavíkur, Kvinnakórs Suðurnesja og einsöngvara af svæðinu. Pabbi var lærður leikari, lék bæði í lðnó og Þjóðleikhúsinu og svo leikstýrði hann helling af leiksýningum um allt land. Þannig það var kannski ekki skrítið að við systkinin enduðum öll í tónlist.

En af hverju óperusöngvari? Sem ungur maður var ég afskaplega heimakær, skyldi aldrei þegar vinirnir vildu fara í Reykjavík í bíó eða á djammað, það voru jú tvö bíó í Keflavík og Bergás og Stapinn!

En þrátt fyrir að vera svona heimakær, var ég með gríðarlega mikla sköpunarþörf, vildi prófa allt, ípróttir, skáta, KFUM, dans og auðvitað tónlistarskólann á ýmis hljóðfæri. Ég var í nokkrum hljómsveitum tók þátt í danssýningum og danskeppnum og lék í sýningum hjá Leikfélagi Keflavíkur.

19 ára byrjaði ég að syngja með Karlkór Keflavíkur og fór í kjölfarið í söngnám í Tónlistarskóla Keflavíkur, því mig langaði að ná að syngja einsöng með Karlakórnum, eins og pabbi! Það tók tvö ár að ná þeim áfanga.

Einn daginn bauð mamma mér að koma með sér á óperuna Aidu hjá Íslensku óperunni. Þarna sat ég og ljósin dofnuðu og hljómsveitin byrjaði að spila ofan í hljómsveitargryfjunni undir sviðinu, heil sinfóníuhljómsveit, ljósin komu upp og glæsileg leikmynd blasti við, svo komu söngvarar fram á svið og sungu, án míkrofóns og fylltu salinn með röddunum sínum!

Þessi upplifun breytti lífi mínu, nýr draumur hafði fæðst! Þetta vildi ég geta gert, þvílík snilld, syngja leika alls konar karaktera í svona fallegum leikmyndum, búningum og lýsingu, heil sinfóníuhljómsveit að leika undir og þvílík tónlist!

Sigurður Demetz Franson hvatti mig og bauð mér að koma til sín í frekara söngnám í Reykjavík. Eftir 4 ár hjá Demma lá leiðin í 3. ára framhaldsnám til London, þar útskrifaðist ég frá sameiginlegri óperudeild tónlistarháskólanna Royal College of Music og Royal Academy of Music í London.

Eftir námið réð ég mig á föstum samning við óperunar í Köln og söng 13 hlutverk þar og í framhaldinu söng ég 85 óperuuppfærslur í 21 óperuhúsi hér heima og víða um Evrópu.

Stóri draumurinn minn núna er að kynna fyrir sem flestum þennan stórkostlega heim óperunnar og klassískra tónverka!

Við stofnuðum Óperufélagið Norðuróp 1999 í samvinnu við Leikfélag Akureyrar, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Tónlistarskólann á Akureyri. 2001 flutti félagið í Reykjanesbæ og hefur starfað þar síðan. Við höfum flutt 12 óperur og ótal tónleika undarfarinn ár og reynt að gera þetta listform aðgengilegt og á sama tíma gefa þeim fjölmörgu lærðu söngvurum sem búa á svæðinu tækifæri á að koma fram!

Framundan eru verkefnin: Ríkarður III eftir Sigurð Sævarsson, Norðuróp-Óperudagar í Reykjavík og Sigurður Sævarsson sem er í vinnslu og verður flutt á Óperudögum í Hörpu í haust.

Að lokum Óperustúdíó Norðuróps í samvinnu við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Óperustúdíó er þjálfun fyrir efnilega óperusöngvara sem eru langt komin í námi eða eru útskrifaðir einsöngvarar sem vilja bæta við sig þjálfun í sviðsframkomu og læra að undirbúa óperu/söngleikjahlutverk og flytja á sviði undir leiðsögn fagfólks.

Norðuróp og Tónlistarskóli Reykjanesbæjar hafa átt frábært samstarf síðustu ár og sett upp margar mjög vel heppnaðar sýningar saman: Brúðkaup Fígarós, Fiðlarinn á þakinu, Mozart Requiem og Verdi Requiem. Í öllum þessum uppfærslum hafa fjölmargir nemendur og kennarar skólans í bland við nemendur annarsstaðar af landinu og faglærðra söngvarar tekið þátt og fengið mikla reynslu bæði að syngja, leika og spila í slíkum verkefnum. Það er mikill vilji hjá báðum aðilum að halda þessu gjöfula samstarfi áfram.

Óperustúdíóið væri frábær leið að koma þessu samstarfi í einhvern fastan farveg og myndi nýtast báðum aðilum og öllum þessum frábæru listamönnum gríðarlega vel og auka möguleika á en flottari sýningum og tónleikum!

Öll höfum við okkar smekk og jafnvel fordóma gagnvart því sem við þekkjum ekki vel. Öll tónlist hefur eitthvað, það þarf að hlusta á tónlist með opnum huga, leyfa henni að snerta sig.

Mitt uppáhald í öllu þessu brólti er þegar fólk kemur og stoppar mann út á götu „Bergnumið“ eftir sýningar eða tónleika og segir: „ég hef aldrei verið mikið fyrir klassík, en þetta var geðveikt“. Einn sagði við mig: „ég hef alltaf farið á fótboltaleik þegar ég fer erlendis, nú ætla ég á óperu!“ Annar kom með

koníakflösku og sagðist vera svo hrærður eftir flutninginn af Verdi Requiem að hann varð bara að gera eitthvað til að þakka fyrir!

Ég þakka fyrir áheyrnina.

Vonandi fáum við að sjá ykkur sem flest á sýningum og tónleikum í framtíðinni, leyfið tónlistinni að snerta ykkur, hún er góð fyrir sálina.